# DEILISKIPULAG EGILSSTAÐAFLUGVALLAR




Gildandi deiliskipulag, samþykkt 21.11.2012, mvk. 1:5000/ A-1




Deiliskipulagstillaga, mvk. 1:5000/ A-1



Hluti af aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028

## SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR SAMÞYKKT AF UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDARNEFND FLJÓTSDALSHÉRAÐS ÞANN_______________

_______________
F.H. SKIPULAGS- OG MANNVIRKJANEFNDAR

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR AUGLÝST FRÁ_______________TIL_______________

DEILISKIPULAG ÞETTA, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT

Í _______________
ÞANN_______________

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ ___________20___
MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL ___________20___

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

_______________
BÆJARSTJÓRINN Í FLJÓTSDALSHÉRAÐI

DEILISKIPULAG ÞETTA ÖÐLAST GILDI ÞANN_______________

## SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulags
- Eldri mörk deiliskipulags, fellur úr gildi
- Mörk flugvallarlands
- Lóðamörk
- Lóðamörk felld niður
- Flugbraut og umferðarsvæði flugvélar
- Öryggissvæði flugbrautar
- Núverandi byggingar
- Egnos búnaður
- Byggingareitur
- Bundin byggingarlína
- Heimild til niðurrifs
- Kvöð um lagnir
- Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá
- Bílastæði
- Framtíðar bílastæði vegna stækkunar flugvallar
- Bílastæði athafnasvæðis sunnan flugstöðvar
- Lagarfljót Eyvindará
- Gangstétt Gata
- Göngu- og hjólastígur
- Hæðalínur
- Girðing um flugvallarsvæði
- Sand og olíuskilja
- nr.x Lóðanúmer

**Eftirtaldin fylgiskjöl fylgja með deiliskipulagi þessu:**
(90) 1.01 dags. 26.02.2018 Deiliskipulagsuppdráttur 1:5000
(90) 1.02 dags. 26.02.2018 Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000
(90) 1.03 dags. 26.02.2018 Deiliskipulagsuppdráttur 1:1000
(90) 1.04 dags. 26.02.2018 Skýringaruppdráttur 1:2000
4214-042-06 103 dags. 26.04.2017.Lóðablað fyrir Flugvallarveg 1-11
4214-042-06 104 dags. 26.04.2017.Lóðablað fyrir Flugvallarveg 13-17

**Almennir skilmálar:** Gilda áfram með viðbótum sem gerð er sérstaklega grein fyrir.

### Veitur og lagnir:
Veitulagnir verða með hefðbundnu fyrirkomulagi undir götum og gangstéttum. Kvaðir um stofnlagnir á lóðum koma fram á deiliskipulagsuppdrætti. Fráveitukerfi fyrir skólp er tengt hreinsistöð í fráveitukerfi sveitarfélags sem uppfyllir reglugerð 798 frá 1999 um fráveitur og skólp. Yfirborðsvatni af flughlöðum og núverandi bílastæðum er hleypt út í Lagarfljót eftir viðurkennda hreinsun í olíuskilju. Stofn hitaveitu liggur í öryggissvæði flugvallarins rétt vestan þjónustusvæðis við suðurenda.

### Menningarminjar.
Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmælti á svæðinu. „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands“ s.b. 2. mgr. 24. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### Gatnakerfið:
Skipulagssvæðið tengist Þjóðvegi 1 um veg 941. Göngu- og hjólastígur frá flugvallarsvæðinu liggur um skipulagssvæðið og tengist stíg meðfram Austurlandsvegi yfir Egilsstaðanes.

### Notkun húsa og lóða og byggingarmagn: fyrir breytingar
Svæðið er ætlað fyrir verslun og þrifalega þjónustustarfsemi. Innan flugvallargirðingar rísi eingöngu flugskýli og byggingar fyrir flugtengda starfsemi. Byggingarreitir eru afmarkaðir og nýtingarhlutfall skal vera 0,15 - 0,30. Á lóðum utan flugvallargirðingar skal koma fyrir að lágmarki 1 bílastæði fyrir hverja 35 m² byggingar á þeim svæðum sem afmarkaðir eru á uppdrætti.

### Notkun húsa og lóða og byggingarmagn: eftir breytingar
Deiliskipulagssvæðið í suðurenda, utan girðingar, er ætlað fyrir verslun, þrifalega þjónustustarfsemi og flugtengda starfsemi. Innan flugvallargirðingar rísi eingöngu flugskýli og byggingar fyrir flugtengda starfssemi. Byggingarreitir eru afmarkaðir og nýtingarhlutfall skal vera 0,15 - 0,30 nema annað sé tekið fram (sjá helstu breytingar). Nýtingarhlutfall Flugvallarvegar 1 - 9 er 0,5 og á Flugvallarvegi 19 að hámarki 0,45. Á lóðum í suðurenda skipulagsins (þjónustusvæði) utan flugvallargirðingar skal koma fyrir 1 bílastæði fyrir hverja 35 m² byggingar. Almennt er að öðru leyti gert ráð fyrir 1 bílastæði fyrir hverja 150m² vegna bygginga nema við flugstöð er gert ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 50m².Endanleg stærð og hnitsetning lóða verður sýnd á meðfylgjandi lóðablöðum.

### Húsagerð, innan marka flugvallarlands
Vegna nálægðar við flugvöll markast mesta leyfilega hæð húsa af fleti sem hallar upp 1:7 frá mörkum öryggissvæðis frá hæð 23,3 m.y.s. Hámarkshæð húsa samkvæmt því er afmörkuð á deiliskipulagsuppdrætti. Áhersla er lögð á að hús séu faglega gerð og með fallegan og snyrtilegan frágang utanhúss.

### Húsagerð á þjónustusvæði í suðurenda skipulagsins, utan marka flugvallarlands
Hús skulu vera ein til tvær hæðir. Vegna nálægðar við flugvöll markast mesta leyfilega hæð húsa af fleti sem hallar upp 1:7 frá mörkum öryggissvæðis frá hæð 23,3 m.y.s. Hámarkshæð húsa samkvæmt því er afmörkuð á deiliskipulagsuppdrætti og hvergi skal hæð húsa vera meiri en 8,0 m mælt frá neðsta gólfi eða >23,3. Áhersla er lögð á fallegan og snyrtilegan frágang utanhúss.

### Girðing
Aðskilja skal starfsemi flugvallar- og land megin, er það gert með girðingu eða byggingum. Staðsetning girðingar á deiliskipulagi skal vera leiðbeinandi. Ekki má staðsetja girðingu út fyrir mörk flugvallarlands. Hæð og gerð girðinga skal vera í samræmi við kröfur sem Samgöngustofa gerir. Girðing skal vera áföst byggingum þar sem svo háttar til þannig að um fulla lokun sé að ræða.

### Frágangur gatna og lóða
Götur eru malbikaðar með gangstéttum og steyptum kantsteinum 0,5 m frá lóðarmörkum. Götulýsing er með venjubundnum hætti. Frágangur lóða skal vera vandaður, bílastæði malbikuð eða steypt en öðrum hluta lóða og opnum svæðum skal lokað með grasi eða gróðri. Allur gróður skal vera lágvaxin og plöntun hávaxinna trjáa er ekki leyfð. Skiltum skal koma vel fyrir á lóð eða á húsum og sýna þau á aðaluppdráttum.

## GREINARGERÐ
Í gildi er deiliskipulag fyrir Egilsstaðaflugvöll, samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 21. nóvember 2012. Tillaga þessi er breyting á því skipulagi. Tekur skipulagstillagan til sama svæðis og gildandi skipulags auk óskipulagðs svæðis austan flugvallarsvæðis.
Deiliskipulagstillagan er byggð á samþykktu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 með síðari breytingum m.a. breytingu samþykktri af Skipulagsstofnun 06.04.2017.
Gerðar verða strangar kröfur um útlit, frágang og umgengni á svæðinu.(sbr. gr. 4.3. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).
Ekki verður hindruð gangandi umferð meðfram Eyvindará. Verður það sérstaklega haft í huga við uppsetningu girðinga.

### Helstu breytingar á deiliskipulagi:
- Fullnægja reglugerð og kröfum um stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.
- Deiliskipulagssvæðið stækkað til að gera ráð fyrir framtíðaruppbyggingu flugvallar sbr. greinagerð með aðalskipulagi.
- Stækkun flughlaðs og bætt við akstursbraut (taxibraut) fyrir flugvélar.
- Byggingareitur (10) stækkaður í 57.000 m² og færður til fyrir framtíðaruppbyggingu og verður að lóð nr. 19 við Flugvallarveg. Hámarks nýtingahlutfall er 0,45.
- Gert ráð fyrir framtíðarstaðsetningu nýrra bílastæða. Heildarflatamál bílastæðareits er 13.300 m² sem fullnægir þörfum ef byggingarreitur Flugvallarvegar 19 verður fullnýttur. Almennt er gert ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 150 m² vegna bygginga nema við flugstöð er gert ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 50 m². Heildarfjöldi bílastæða er að hámarki 380 bílastæði.
- Afmarkaðar eru 6 nýjar lóðir, 3 lóðir stækkaðar og lóðum gefin götuheiti í stað númera á byggingareiti;
  - Gerð er lóð utan um Flugstöðvarbyggingu Flugvallarvegur 17.
  - Gerðar eru 5 nýjar lóðir fyrir flugtengda starfsemi Flugvallarvegur 1 - 9.
  - Lóð Flugvallarvegur 15 (áður hús 2). Lóð stækkuð.
  - Lóð Flugvallarvegur 13 (áður hús 4). Lóð stækkuð.
  - Lóð Flugvallarvegur 11 (áður hús 5). Lóð stækkuð.
- Leyfilegt hámarks nýtingarhlutfall er 0,50.
- Framtíðar aðkoma flugvallar færist.
- Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

### SKÝRINGAR Á NÚMERUM Á TEIKNINGUM
Flugvallarvegur 19, lóð fyrir framtíðaruppbyggingu
Flugvallarvegur 17, flugstöðvarbygging og flugturn
Flugvallarvegur 15, tækjageymsla
Flugvallarvegur 13, véla og tækjageymsla og Brunavarnir á Héraði
Flugvallarvegur 11, flugskýli
Flugvallarvegur 1 - 9, lóðir fyrir flugtengda starfsemi
6a Gámur vegna háloftaveðurathugana - bráðabirgða stöðuleyfi
6b Gámur vegna háloftaveðurathugana
7 Sand og olíuskiljur, tákn breytt
8 Sandgeymsla
9a Byggingareitur fyrir eldsneytisgeymslur - tímabundið
9b Byggingareitur fyrir eldsneytisgeymslur
11a Núverandi staðsetning Egnos - tímabundið
11b Fyrirhuguð staðsetning Egnos, fellur úr gildi

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|


ARKÍS arkitektar
Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is


## Egilsstaðaflugvöllur

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Breyting á deiliskipulagi |
| Sveitarfélag: | Egilsstaðir |
| Staðgreinir: | ---- |
| Landnúmer: | ---- |
| Verknúmer: | 15-067 |


Hönnuður:

| | | |
|---|---|---|
| Aðalsteinn Snorrason | arkitekt faí | kt.161161-2769 |
| Arnar Þór Jónsson | arkitekt faí | kt.010174-4819 |
| Birgir Teitsson | arkitekt faí | kt.020460-4589 |
| Björn Guðbrandsson | arkitekt faí | kt.170174-3059 |
| Egill Guðmundsson | arkitekt faí | kt.270152-6869 |
| Þorvarður L. Björgvinsson | byggingaf. bfí | kt.250572-3529 |

Hönnuður aðal-/séruppdrátta:
Hönnunarstjóri:


| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað: | shg | Mælikvarði: | 1:5000 |
| Yfirfarið / samþykkt: | ---- | Dagsetning: | 26.02.2018 |

Stækkun á deiliskipulagsmörkum

(90)1.01
teikning breyting

## Deiliskipulagsuppdráttur

Blaðastærð A1 = 594*841